



## Fundargerð

### Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

38. fundur, föstudaginn 25. febrúar 2011, kl. 13:00-14:30 í Orkugarði, Reykjavík

**Mætt:** Svanfríður Jónasdóttir, Agnar Olsen, Anna G. Sverrisdóttir, Björg Eva Erlendsdóttir, Friðrik Dagur Arnarson, Guðni A. Jóhannesson, Helga Barðadóttir (iðnaðarráðuneytinu), Kjartan Ólafsson, Kristinn Einarsson (OS), Kristín Huld Sigurðardóttir, Kristín Linda Árnadóttir, Stefán Arnórsson, Sveinbjörn Björnsson (ráðgjafi), Unnur Brá Konráðsdóttir og Þóra Ellen Þórhallsdóttir. Kristinn Einarsson ritaði fundargerð.

**Fjarverandi:** Elín R. Líndal og Steinunn Fjóra Sigurðardóttir (umhverfisráðuneytinu).

**Lagt fram á fundi:** „Faghópur I – áhrifa og AHP röðun“, 7 bls. línurit og töflur frá Agnari Olsen.

### Fundarfrásögn

**Svanfríður** setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

#### 1. Framhald vinnunnar í átt til lokamats

**Kjartan** rifjaði upp áður framlagt erindi um aðferð til raða virkjunarhugmyndum á grundvelli niðurstaðna faghópa, með lagfæringum eftir að smávillur komu í ljós. Einnig kynnti hann viðbót við þessa vinnu sína ásamt tillögu vinnuhóps verkefnisstjórnar um málsmeðferð:

- Röðun faghópa I og II verði lögð til grundvallar í röðun verkefnisstjórnar.
- Hafi báðir faghópar ekki metið virkjunarhugmynd, þá má nota röðun hins hópsins sem vísbendingu um röðun viðkomandi hóps.
- Sérstækar upplýsingar um einstakar virkjunarhugmyndir verði sýnilegar.
- Grunnur að röðun byggist á meðalhöfnsnálgun að niðurstöðum beggja faghópa með því að draga hringferla frá endapunktum leitnilínu á línuriti fyrir röðun faghóps I móti röðun faghóps II. Punktur sem falla utan hringferla, eftir að þeir snertast á miðri leitnilínunni, verði meðhöndlaðir með meðaltali, þ.e. þeim verði varpað hornrétt á leitnilínuna.
- Röðun á grundvelli þessa verði skoðuð með tilliti til þess, að með vali á sumum virkjunarhugmyndum eru aðrar um leið útilokaðar.
- Þær virkjunarhugmyndir sem hvorki eru metnar af faghópi I eða II falli í biðflokk.

Fram kom að mesti munur á mati faghópa I og II kæmi fram í efri hluta Hólmsár, en munur á mati þeirra á Hellisheiði og virkjun Hvítár við Bláfell skýrðist fyrst og fremst af mismunandi nálgun þeirra að viðkomandi svæði.

**Agnar** skýrði framlögð línurit og töflur með yfirliti um áhrifa og AHP röðun faghóps I og afleiðingum fyrir orkuvinnslu í jarðhita og vatnsafla, að því gefnu að snöggar hallabreytingar í annars vegar uppsafnaðri áhrifaeinkunn og hins vegar uppsafnaðri AHP röðun séu notaðar til að skilja á milli virkjaðrar orku og óvirkjaðrar á landsvísu. Yfirlit Agnars var sett fram í þrennu lagi, fyrir vatnsafl og jarðhita sameiginlega og svo aðskilið hvort um sig. Fram kom að tekið væri tillit til þess að ein virkjunarhugmynd getur útilokað aðrar.

Að afloknum umræðum um þær tillögur sem Kjartan kynnti og framkomnar upplýsingar frá Agnari ályktaði formaður sem svo, að **fyrir lægi umboð verkefnisstjórnar til vinnuhópsins að halda áfram vinnunni á þeim nótum sem fram kæmu í framangreindum tillögum** og komu engin mótmæli fram við því.

## 2. Önnur mál

Fyrirhugaður fundur 3. mars var felldur niður, en fundum 11. og 12. mars haldið að sinni, að teknu tilliti til gangs vinnunnar hjá faghópi I og vinnuhópi verkefnisstjórnar. Fundi var slitið kl.14:30.

**Kristinn Einarsson**